



Kópavogi, 16. maí 2023
2303657/005.05 JVK

Svar við fyrirspurn

1. Eru til reglur um losun á snjó í sjóinn á Kársneshöfn?

Til eru lög um varnir gegn mengun hafs og stranda og hefur Umhverfisstofnun lýst því yfir að þau líti ekki svo á að mokstur á hreinum snjó falli ekki undir ákvæði um bann á varpi í hafið í 9. gr. fyrrnefndra laga. Þar sem ekki sé valkostur að losa snjó í settjarnir gerir stofnunin ekki athugasemdir við að snjór sé losaður út í sjó, ef gætt er að því að önnur efni af götunum fari ekki með og gætt sé að því að staðsetning losunarinnar fari ekki fram á viðkvæmu svæði. Heilbrigðiseftirlit HEF hefur einnig gefið út samskonar yfirlýsingu.

2. Hve margir vörubílsfarar hafa verið losaðir í sjóinn við Kársnes á þessum vetri? Fjöldi vörubíla er ekki skráður en þegar mest lét var í bilinu 150 til 200 hlössum á dag sturtað í höfnina og hafnarkant.

3. Er eftirlit með þessari losun? ef svo er, í hvers verkahring er það eftirlit og í hverju felst það?

Hafnarvörður fylgist með losun snjós í sjó. Fylgst er með að einungis hreinn snjór sé losaður í sjóinn.

4. Er það eingöngu snjór af Kópavogssvæðinu sem er losaður í sjóinn við Kópavogshöfn?

Það er nánast eingöngu snjór úr Kópavogi sem er losaður í höfnina og bróðurpartur kemur úr götum og plönum á Kársnesi og Digranesi þar sem fáa safnstaði er að finna.

5. Telja forsvarsmenn Kópavogsbæjar það forsvaranlegt að sturta snjó í höfnina með tilheyrandi hættu af mengun sem getur af hlotist?

Bæði umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit hafa ekki gert athugasemdir við að snjór sé losaður í höfnina og því gerir umhverfissvið Kópavogs ekki athugasemdir við að slíkt sé gert þegar allir aðrir losunarstaðir eru orðnir yfirfullir. Snjó sem safnast upp í götum og plönum er vanalega keyrt á valin svæði dreifið um bæjarfélagið s.s. af Vatnsenda er keyrt á opið svæði við hesthúsahverfið, frá Lindum og Sölum er ekið á Glaðheimasvæðið, frá Smárahverfinu er ekið við Fífuna og af Kársnesi og Digranesi er ekið á uppfyllingu við hafnarsvæðið o.s.frv.. Þegar plássið á uppfyllingunni er uppuríð er snjó sturtað í sjóinn í staðinn fyrir að eyða fjármunum og útblæstri við að moka snjónum upp í stærra hauga.

Birkir Rútsson

Deildarstjóri Gatnadeildar

441 0000 | birkirruts@kopavogur.is



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026